

# Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Húnabyggð



## 1. gr.

Húnabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð (áður Blönduósbær og Húnavatns-hreppur).

## 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins er samkvæmt sérstakri gjaldskrá um tengigiöld veitna Húnabyggðar.

## 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni í þéttbýli. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

## 4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	19.300kr. pr. þró.
Rotþró 2.001-4.000 lítra	24.610kr. pr. þró.
Rotþró 4.001-6.000 lítra	26.460kr. pr. þró.
Rotþró 6.001 lítra og stærri	33.330kr. pr. þró.

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri. Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

## 5. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta þrefalt árgjald fyrir hverja losun.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrár númer 1527/2020. Gjaldskráin var samin og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar þann 12. desember 2023.

Húnabyggð, 28. desember 2023

**Pétur Arason** sveitarstjóri